

**508. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. nóvember 2018  
og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ragnar Ingi Kristjánsson, Þóra Marý Arnórsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðfinna M Hreiðarsdóttir, Smári Karlsson aðalmaður og Lína Björg Tryggvadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Símonía Bjarnadóttir.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Brynjar Þór Jónasson, Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Dagskrá:**

**1. Innsiglingaljós Stakkanesi, framkvæmdaleyfi - 2018100080**

Hafnir Ísafjarðarbæjar sækja um framkvæmdaleyfi fyrir innsiglingarljós við Stakkanes skv. meðfylgjandi gögnum dagsettum 23. október 2018.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna innsiglingaljósa við Stakkanes.*

**2. Hlíðarvegur 15, bílgeymsla - byggingarleyfi - 2018090007**

Lögð fram frekari gögn frá Verkís hf., dagsett 22.október 2018, vegna fyrirspurnar um bílskúr við Hlíðarveg 15 Ísafirði. Á 504. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar var tekin fyrir fyrirspurn frá Verkís hf. sama efnis, dagsett 23. júlí 2018, nefndin frestaði erindinu og óskaði frekari gagna.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að forsendur fyrir nýbyggingu bílskúrs við Hlíðarveg 15 séu til staðar og felur skipulagsfulltrúa að óska eftir gögnum til grenndarkynningar.*

**3. Góuholt 13 - lóðaleigusamningur - 2018100085**

Elsa Margrét Elíasdóttir óskar eftir lóðaleigusamning fyrir Góuholt 13, Ísafirði, fyrir hönd fasteignarsölunar Lindar, með vísan í tölvupóst dags. 02.07.2018.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings.*

**4. Rómarstígur 5, ósk um lóðaleigusamning. - 2018030042**

Elías Guðmundsson f.h. Nostalgía ehf. óskar eftir því við bæjaryfirvöld að gerður verði lóðaleigusamningur vegna Rómarstígs 5.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings.*

**5. Rómarstígur 3, ósk um lóðaleigusamning - 2018030041**

Eliás Guðmundsson f.h. Nostalgía ehf. óskar eftir því við bæjaryfirvöld að gerður verði lóðaleigusamningur vegna Rómarstígs 3.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings.*

**6. Seljalandsvegur 84a -stækkun lóðar - 2018110003**

Lögð fram umsókn Sverris Guðmundar Harðarsonar, dagsett 1. nóvember 2018, þar sem óskað er eftir stækkun á lóð við Seljalandsveg 84a til að auðvelda aðgengi og snjómokstur.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stækkun lóðar skv. lóðablaði frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar.*

**7. Ósk um aðstöðu fyrir útihreystitæki á Suðureyri - 2018110007**

Svava Rán Valgeirsdóttir formaður Íþróttafélagsins Stefnis, Suðureyri. Óskar heimild bæjaryfirvalda til þess að staðsetja útihreystitæki milli tjarnarinnar og Túngötu 10, tilnefndir eru fjórir valkostir og er umrædd staðsetning fyrsti valkostur. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 19.10.2018 ásamt loftmynd sem sýnir fyrirhugaðar staðsetningar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir erindið þar sem umrætt svæði er, skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, opið svæði til sérstakra nota.*

**8. Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2018020026**

Kynnt lokadrög að húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar, dagsett 2. nóvember 2018.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:30**

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Ragnar Ingi Kristjánsson

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Smári Karlsson

---

---

Jóna Símónía Bjarnadóttir

---

Brynjar Þór Jónasson